

Eitlataka úr hálsi

Einn eða fleiri eitlar eru fjarlægðir úr hálsi til sjúkdómsgreiningar. Aðgerðin er gerð í staðdeygingu eða svæfingu.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf meðferð með blóðþynnandi lyfjum fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar með talið lýsis og Omega 3, þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir nokkrum dögum fyrir aðgerð til að fara yfir heilsufar með tilliti til svæfingar og veita tækifæri til spurninga. Ef frekari rannsókn eða upplýsinga er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúruyfja og fæðubótarefna

Gott er að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óæskilegt er að taka sum lyf fyrir svæfingu.

Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við deyfingu eða svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir deyfingu eða svæfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér affþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausu hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, andlitsfarða, ilmefni, naglalakk eða skartgrip.

Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi, á umsömdum tíma að morgni aðgerðardags.

Fyrir aðgerðina þarf að vera búíð að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar.

Fyrir aðgerðina eru gefin verkjalyf í töfluforni sem verka í og eftir aðgerð. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina. Settur er æðaleggur í handarbak

eða handlegg og er hann notaður til að gefa vökva, svæfinga- og verkjalyf. Áður en svæft er þarf að anda að sér súrefni í gegnum grímu. Síðan er svæfingalyfi sprautað í æðalegginn.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild og síðan aftur á dagdeild A5. Útskrift er áætluð um 2-4 klukkustundum eftir aðgerð en einstöku sinnum þarf innlög्न yfir nótt.

- Ef verkir eða ógleði koma fram er mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við því. Vart getur orðið við hálssærindi eftir aðgerðina sem hverfa yfirleitt á 1-2 dögum.
- Fótaferð er leyfð strax við komu á deild.
- Eftir aðgerðina getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa fljótlega eftir komu á deild. Láta þarf vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.
- Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn.
- Boðið er upp á léttu máltíð fyrir heimferð.

Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:

- Útskriftarfræðsla
- Lyfseðil í Lyfjagátt fyrir verkjalyfjum ef þörf er á
- Endurkomutíma hjá lækni ef þörf krefur

Útskriftarfræðsla

Verkir

Eymsli geta verið á skurðsvæði fyrstu dagana eftir aðgerð. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er. Ef verkir eru viðvarandi er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn, samkvæmt leiðbeiningum. Smám saman er dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar.

Skurðsár

Skurðsárinu er lokað með saumum. Ef ekki eru notaðir saumar sem eyðast, þarf að fjarlægja þá eftir um viku. Yfir saumunum eru litlir límplástrar sem gott er að hafa í nokkra daga. Óhætt er að fara í sturtu sólarhring eftir aðgerð en forðast þarf að nudda sárið. Mikilvægt er að þerra vel á eftir. Ekki má fara í baðkar eða sund í tvær vikur eftir aðgerð meðan sárið er að gróa. Fylgjast þarf með útliti skurðsárs með tilliti til sýkingareinkenna, þ.e. roða, bólgu og vessa. Forðast ber alla óþarfa snertingu við sárið. Skurðsár eru viðkvæm fyrir sólarljósi í allt að ári eftir aðgerð.

Mataræði

Borða má eins og áður.

Hreyfing

Ráðlegt er að hafa hátt undir höfði fyrstu dagana eftir aðgerð til að til að draga úr þrýstingi, verkjum og minnka bólgu. Til að minnka hættu á blæðingu þarf að forðast líkamlega áreynslu fyrstu dagana eftir aðgerð.

Vinna

Hafa þarf samráð við lækni um það hvenær má byrja að vinna aftur, en það fer eftir eðli starfs og líðan. Hægt er að fá veikindavottorð í endurkomutíma.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerð á dagdeild. Verðskrá er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við dagdeild A5 ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:

- Verkir minnka ekki við verkjalyf
- Líkamshiti er hærra en 38,5°C
- Roði, bólga eða gröftur sést við skurðsár
- Ógleði eða uppköst eru viðvarandi eða ef erfitt er að kyngja

Í bráðatilvikum er ráðlagt að leita á bráðamóttöku eða hringja í 112.

Símanúmer

Dagdeild A5 er opin alla virka daga kl. 07:00-22:00 543 7570

Eftir lokun má hringja í skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við vakthafandi sérnámslækni á háls-, nef- og eyrnadeild Landspítala í Fossvogi.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.